

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 15. janúar 2020
UST201912-258/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag fyrir áningarstað við Snædalsfoss í Djúpavogshreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Djúpavogshrepps er barst 23. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir áningarstað við Snædalsfoss í Djúpavogshreppi.

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir göngustígum, útsýnis- og göngupalli, 20 m² aðstöðuhúsi, salerni og upplýsingaskilti.

Snædalsfoss

Umhverfisstofnun bendir á að Snædalsfoss og nánasta umhverfi hans fellur undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinganna sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Að mati Umhverfisstofnunar er ekki um að ræða framkvæmd þar sem brýnir almannahagsmunir geti réttlætt röskun á fossinum og nánasta umhverfi hans að því leyti að sýn að þeim spillist.

Umhverfisstofnun telur að tröppur, handrið og pallur muni hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Hins vegar munu framkvæmdirnar auka öryggi og aðgengi gesta og koma í veg fyrir jarðrask.

Í b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að fossar og nánasta umhverfi þeirra njóti sérstakrar verndar að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.




Á þeim myndum sem sýndar eru í greinargerð er það mat Umhverfisstofnunar að framkvæmdin muni ekki spilla sýn að fossinum. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í greinargerð að mikilvægt sé að vanda til verka við landmótun svo að hún spilli hvorki ásýnd á fossinn né gæðum umhverfisins.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.


Axel Benediktsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur